

Staðlað upplýsingaskjal um vátryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilvik og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú/getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón á hjóli og tryggðum aukabúnaði vegna skyndilegra og óvæntra atvika.
- ✓ Skaðabætur ef þú skapar þér bótaábyrgð samkvæmt íslenskum lögum við hjólreiðar.
- ✓ Varanlegt líkamstjón vegna hjólreiðaslyss.
- ✓ Læknisaðstoð og endurhæfing eftir hjólreiðaslys.
- ✓ Tannbrot.
- ✓ Sjúkrakostnaður vegna hjólreiðaslyss erlendis.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Skemmdir vegna eðlilegrar notkunar, slits eða galla.
- ✗ Ef hjólið er skilið eftir ólæst á almannafæri er þjófnaður ekki bættur.
- ✗ Tjón á hjóli eða aukabúnaði sem þú ert með að láni eða í leigu.
- ✗ Meiðsli eða líkamstjón af völdum velknúins ökutækis.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ⚠ Tryggingin gildir eingöngu fyrir reiðhjól sem knúið er áfram af notanda þess með stig- eða sveifarbúnaði.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

- ✓ Allir liðir tryggingarinnar gilda á Íslandi svo og á ferðalagi hvar sem er í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi að undanskilinni ábyrgðartryggingunni sem gildir á Íslandi og á ferðalagi í Evrópu í allt að 92 daga.



Hverjar eru mínar skyldur?

Gera eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að reiðhjólið skemmist eða glatist.

Reiðhjól skulu ávallt vera tryggilega læst þegar þau eru ekki í notkun og ekki skal skilja eftir aukabúnað á reiðhjóli sem auðvelt er að fjarlægja.

Tilkynna félaginu tafarlaust um tjón og einnig tilkynna lögreglu um þjófnað.



Hvenær og hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða með kreditkorti.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn þegar þú ert að færa þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.